

## Fundarboð

7. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2019-2020.  
21. apríl kl. 8:15 í gegnum Teams

### Dagskrá

1. Foreldrafundur 16. apríl. Hvernig fannst ykkur fundurinn takast og hver ættu okkar næstu skref að vera?
  - a. Mál A
  - b. Mál B
2. Hvernig eigum við að velja í skólaráð fyrir næsta vetur?

## Fundargerð

Fundarstjóri og fundarritari: Þórgunnur Torfadóttir

**Mættir:** Kristín Hermannsdóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Eva Rán Ragnarsdóttir, Björn Sigfinnsson, Heiður Sigurðardóttir, Selma Ýr Ívarsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir. Gestir á fundinum voru; Ragnhildur Jónsdóttir, Íris Heiður Jóhannsdóttir, Eygló Illugadóttir og Kristín Gestsdóttir.

### Dagskrá

1. Foreldrafundur 16. apríl. Hvernig fannst ykkur fundurinn takast og hver ættu okkar næstu skref að vera?
  - a. **Mál A** – Fundarmenn sammála um að fara í skoðanakönnun meðal foreldrar um það hvort seinka ætti skólabyrjun. Rætt um spurningar sem ætti að spyrja. Fyrst og fremst þarf að spyrja hvort fólk er til í að seinka skólabyrjun. Gefa þarf lýsingu á því hvaða þjónusta fylgir t.d. hvort boðið verði upp á morgunmat, hvort hægt verði að flýta fimleikaakstri, hvort það verður akstur innanbæjar o.s.frv. Gott væri að fá fram yfirlýsingu frá Sindra um að þeir muni reyna eftir fremsta megni að halda æfingum hjá yngstu börnunum fyrir kl. 16:00 og reyna að þjappa æfingum þannig að dagurinn lengist ekki. Á fundi fræðslunefndar á morgun verður einnig rætt um málið.
  - b. **Mál B** – Það kom lítið fram í umræðunni á foreldrafundinum hvað skoðun fólk hefði. Þetta mál er komið styttra á veg en mál a og miklu flóknara. Hér var rætt um að það þyrfti að fara í frekari þarfagreiningu og skoða allar forsendur áður en ákvörðun væri tekin. En einnig kom fram að það væri mikilvægt að taka ákvörðun. Þ.e. taka ákvörðun um hvort það ætti að vera eitt hús eða tvö hús og ef eitt þá hvort það ætti að byggja eitt hús eða við hvaða hús væri byggt. Þessi ákvörðunartaka stendur í vegi fyrir því að hægt sé að halda áfram með t.d. íþróttamannvirki.
2. **Hvernig eigum við að velja í skólaráð fyrir næsta vetur?** Kjósa þarf þrjá fulltrúa foreldra í skólaráð fyrir næsta vetur. Stefnt er að því að vera búin að kjósa í skólaráð fyrir skólalok í vor svo skólaráð geti hafið störf í lok ágúst byrjun september. Til stóð að opna umræðu um framboð og kosningu á foreldrafundinum en þar sem hann var með öðrum hætti en til stóð var það ekki gert. Ákveðið að Þórgunnur sendi póst á alla foreldra og biðju fólk um að bjóða sig fram og í framhaldinu fari núverandi fulltrúar skólaráðs af stað og ýti við fólk.